

Stjórnarfundur í Geðhjálp

07.05.18

Mættir: Hrannar, Garðar Sölvi, Védís, Bergþór, Einar Þór, Sveinn Rúnar, Anna Gunnhildur, Kári og Maggý Hrönn, Áslaug og Sylviane tóku þátt í fundinum í gegnum Skype.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (MHH).

Fundargerð lesin upp og samþykkt með einni athugasemd.

2. Tilkynning um stjórnarskipti til RSK (HJ).

Viðstaddir stjórnarmenn skrifuðu undir tilkynningu um stjórnarskipti til RSK.

AGÓ mun óska eftir að fjarstaddir fulltrúar komi við á skrifstofunni til að skrifa undir.

3. Þegar kona brotnar, ráðstefna um geðheilsu kvenna, reifun (HJ, AGÓ).

AGÓ reifaði dagskrá ráðstefnunnar. Hún verður haldin á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 18. maí kl. 13.00. Rætt var um að gera vanda karla að umræðuefni og jafnvel boða til ráðstefnu varðandi það ágæta kyn.

4. Þátttaka á WHO námskeið um mannréttindamiðaða þjónustu (HJ, AGÓ).

Eftirfarandi skráðu sig til þátttöku í námskeiðinu fyrir hönd Geðhjálpar: Garðar Sölvi, Sveinn Rúnar, Hrannar, Einar Þór og Áslaug.

5. Vitundarvakning/herferð um afleiðingar erfiðrar reynslu í æsku (HJ)

HJ sýndi myndband með TED fyrirlestri Nadine Burke Harris um afleiðingar áfalla og erfiðra uppedisaðstæðna á líkamlega og andlega heilsu fullorðinna. Samþykkt var að bera undir Ölmú Möller, landlækni, ósk um samstarf um að dreifa bæklingi um ACE til heilsugæslulækna. Þá er áhugi á því að hanna plagat um sama efni.

6. Svar frá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við erindi Geðhjálpar (HJ).

HJ las upp svarbréf Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um yfirfærslu þjónustu frá GET til geðheilsuteymis fyrir Reykjavík vestur. Þar kemur skýrt fram að engir skjólstæðingar GET missi þjónustu og notendur verði hluti af nýju geðheilsuteymi. Samþykkt var að birta svarið á facebooksíðu Geðhjálpar.

7. Notendasamráð geðheilsuteyma (AGÓ).

AGÓ sagði frá nokkrum hugmyndum um notendasamráð innan nýja geðheilsuteymisins sem ræddar voru á fundi með Hrönn, Sigríði Hrönn og Erik 23. apríl.

- a) Þétt samvinna verði á milli geðteymis og úrræða. Stofnaður verði samráðsvettvangur til að þróa samvinnuna, veita eftirfylgd og aðhald. Starfsmenn geðteyma þekki vel til félagasamtakanna og hafi tengilið í hverju þeirra. Starfsmenn geðteyma hjálpi skjólstæðingum að velja úrræði og fylgi þeim þangað. Þátttaka í starfsemi úrræða á borð við Bataskólann verði hluti af meðferðaráætlun. Haldið sé utan um þátttöku í starfsemi af hálfu geðteymis.
- b) Notendur starfi við geðteymin á höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir af báðum kynjum, á ólíkum aldri með ólíkan vanda að baki þvert á geðteymin. Skjólstæðingar hafi tækifæri til að velja sér jafningja til stuðnings. Starfandi notendur fái fræðslu og þjálfun þegar þeir hefji störf.
- c) „Open door policy“ á þann veg að einn starfsmaður eins og sálfræðingur sé alltaf viðlátinn til að taka á móti fólki beint utan af götu í ráðgjöf/stuðning. Viðkomandi geti leiðbeint nýjum skjólstæðingum um hvernig þeir beri sig að til að fá tilvísun í þjónustuna.
- d) Hugmynd um að einn fagmaður/kona flakki á milli úrræða. Viðkomandi væri á auglýstum tíma í hverju úrræði.
- e) Notendaráð verði stofnað, hugsanlega yrði hægt að nota facebook-síðu að einhverju leyti.
- f) Fulltrúar úrræðanna gætu verið með reglulegar kynningar á starfsemi geðteymisins.

8. **Emerging Proud 12. maí (HJ).**

HJ sagði frá því að til stæði að sýna kvikmyndina *Emerging Proud* með enskum texta og efna til umræðna um efnið hjá Geðhjálp næstkomandi laugardag.

9. **Vegna fjármögnunar ungmennabekkjara við Bataskóla Íslands í haust (AGÓ).**

Samþykkt var að styrkja Bataskólann um allt að 2.000.000 kr. ef á þyrfti að halda á árinu.

10. **Stefnumótunarfundur í haust (HJ).**

Samþykkt var að efna til stefnumótunarfundar laugardaginn 15. september í haust.

11. **Önnur mál**

Fjallað var um fund HJ og AGÓ með velferðarnefnd Alþingis vegna fjármálaáætlunar og stefnuþing ÖBÍ. Hrannar útnefndi Áslaugu félagsmálatróll og partýstjóra stjórnarinnar. Áslaug samþykkti og mun taka til starfa nú þegar.

Fundi slitið klukkan 19:15